

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamálin í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 7. TBL.

10. OKTÓBER 2008

Námskeiðahaldið komið á skrið

Námskeiðahaldið hófst í vikunni með sex námskeiðum. Þátttaka er almennt góð á námskeið en þó eru einhver forföll á einstaka námskeiðum. Alls eru skráningar á námskeið komnar í 430 ef frá eru talin námskeið sem eru fyrir starfsfólk heils skóla.

Af þeim nám-skeiðum sem auglýst voru í haust eru tvö með fáa þátttakendur skráða enn sem komið er og sum eru yfirfull. Á það við um nám-

skeið í næstu viku sömuleiðis þar sem yfirfullt er á námskeið 301 og biðlisti kominn en námskeiðið verður haldið aftur á vorönn. Á önnur námskeið sem hefjast í næstu viku eru enn laus pláss.

Gott er að kennarar tilkynni forföll á námskeið.

Frá fagfundi kennara 29. september sl. Frá hópi myndmentarkennara.



Þriðja starfsár forystuskólaverkefnis hafið

Í vikunni hittust fulltrúar forystuskóla í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði á samráðsfundi. Forystuskólarnir eru nú orðnir níu en tveir bættust við í vetur.

Það eru Leikskólinn Arnarberg með verkefnið læsishvetjandi umhverfi í leikskóla og Öldutúnsskóli með verkefnið söng- og tónlistaruppeldi. Á samráðsfundum um for-

ystuskólaverkefnið fer fram samráð og stuðningur við innleiðingu og þróun verkefnanna. Í lok síðasta skólaárs var gerð könnun meðal starfsfólks forystuskólanna. Helstu niðurstöður hennar voru þær að starfsfólk skólanna telur að forystuskólaverkefni síns skóla hafi leitt til skólaþróunar í skólunum og verkefnum sé vel stjórnað.

Þróun (löglegs) samráðs forystuskólanna mun halda áfram í vetur og ólíkur stuðningur veittur til forystuskólanna eftir þörfum þeirra.



Fulltrúar forystuskólanna og Skólaskrifstofu eftir samráðsfundinn í vikunni.

Skólaþróun



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 6. október
167. fundur:

- Kynnt námskeið fyrir grunn-skólakennara á vegum Skólaskrifstofunnar á haustönn 2008.
- Lagt fram bréf frá skóla-stjóra Víðistaðaskóla um óskir um húsnæðisbreyt-ingar á skólanum. Vísað til framkvæmdaráðs.
- Lagt fram bréf frá mennta-málaráðuneyti um samræmd könnunarpróf í 10. bekk vorið 2009.
- Lagðar fram umsóknir um stöðu aðstoðarskólalastjóra Engidalsskóla. Eftirtaldir sækja um stöðuna sem losnar frá 1. nóvember:
 - Anna María Skúladóttir
 - Arna Björný Arnardóttir
 - Jóhanna Þuríður Þorsteins-dóttir
 - Kristinn Svavarsson
- Lögð fram til kynningar tillaga að endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008 að því er snýr að fræðsluviði.
- Kynntar breytingar á lögum er varða starfsmannaráðn-ingar og upplýsingar úr sakaskrá. Kynntir ferlar og eyðublöð.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Námsgagnastofnun auglýsir eftir höfundi (eða höfundum) til að safna efni í kennslubók í bókmenntum fyrir 10. bekk. Verkið felur einnig í sér að setja saman verkefni og kennsluhugmyndir með námsefninu. Við efnissöfnun og verkefnagerð skal taka mið af nýrri námskrá og skýrslu vinnuhóps í íslensku. Gert er ráð fyrir verklokum haustið 2009. Umsókn skal skila til Ingólfs Steinssonar, ritstjóra hjá Námsgagnastofnun. Hann veitir jafnframt allar nánari upplýsingar um verkefnið, netfang ingo@nams.is, sími 535 0400.




Frá fagfundi kennara: deildar-stjórnar á fundi.

Víkingar á veraldarvefnum

Það er ýmislegt fróðlegt að finna um víkingana og sögu þeirra á vefnum. Vefurinn **Primary School** er fróðleiksvefur þar sem safnað er saman vef-slóðum á ýmislegt efni á vefnum og það flokkað fyrir kennara. Þetta er fróðlegur vefur með mikið af vísunum í frítt efni.

Nýjasta flokkunin er um víkinga. Þar er finna vísanir á fræðiefni, kennsluefni,



spurningakeppnir, leiki og fróðleik um líf og samfélag víkinga fyrr á öldum sem hentar kennurum í kennslu.

Víkingatíminn er heillandi þáttur í sögu Íslendinga og síverðugt viðfangs efni í kennslu - eins og nám-skráin gerir ráð fyrir.

Kannski finnur þú nýjan fróðleik hér?

Vefhornið

Primary School

FREE Resources for teachers



VEFSLÓÐ: http://www.primaryschool.com.au/english_lessonsresults.php?subject=Themes&strand=Vikings&grade=56

Námskeiðahaldið í næstu viku

Námskeið

13. okt. mánudagur

104 **Lesskilningur unglina og PISA könnun** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30 (1)

103 **Framsögn og munnleg tjáning** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 15-16.30 (seinni tími)

305 **Kennslugagnastjóri í Moodle** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17 (1).

14. okt. þriðjudagur

306 **Brottfall í íþróttum og handboltakennsla** í Setbergsskóla (fyrirlestrarsalur og íþróttasalur) kl. 15-18.

402 **Sjálfstyrking fyrir unglina** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30. (seinni tími)

15. okt. miðvikudagur

301 **Grunnnámskeið í myndvinnslu** (Paint.net) í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. (1)

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ GERIST MEÐ TÖLVUPÓSTI TIL: vigfus@hafnarfjordur.is



Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
17. október 2008